

FUNDARGERÐ

132. fundar skólanefndar Mýrdalshrepps, haldinn á skrifstofu Mýrdalshrepps, fimmtudaginn 11. maí 2006 kl. 17:00.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn skólanefndar. Sveitarstjóri ritaði fundargerð á tölvu. Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

I. Tónskólinn

Á fundinn er mætt Kristín Waage tónskólastjóri.

1. Önnur mál.

- a) Kristín minnir á vortónleika Tónskólans miðvikudaginn 17. maí n.k.
- b) Minnt er á mikilvægi þess að stjórnendur skólanna upplýsi hvern annan um frávík í skólastarfi frá útgefnu skóladagatali.

Þorgerður þakkar Kristínu fyrir samstarfið á kjörtímabilinu.
Kristín þakkar skólanefnd samstarfið og yfirgefur fundinn.

c) Starfsmannamál.

Fyrir liggur að staða tónmenntakennara við grunnskólann er ekki laus sbr. lið III-2 í þessari fundargerð. Því er ljóst að starfsfólki tónskólans verður sagt upp störfum í þeim tilgangi að fækka starfshlutföllum skólans úr 2 í 1,5. Auglýst verður eftir tónlistarkennurum um helgina.

II. Leikskólinn

Á fundinn er mætt Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri.

1. Mat starfsfólks á umhverfi og eigin starfi.

Fyrir liggur sjálfsmat starfsfólks og samanburður við mat fyrra árs. Niðurstöður matsins sýna lítils háttar jákvæða þróun frá fyrra ári.

2. Önnur mál.

- a) Hjördís Rut Jónsdóttir hefur sagt upp starfi sínu. Ráða þarf í 50-100% stöðu frá komandi hausti.

Þorgerður þakkar Aðalheiði fyrir samstarfið á kjörtímabilinu.
Aðalheiður þakkar skólanefnd samstarfið og yfirgefur fundinn.

III. Grunnskólinn

Á fundinn eru mætt Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri og Kristján Kristjánsson fulltrúi foreldraráðs. Fulltrúi kennara mætti ekki.

1. Skóladagatal.

Kolbrún lagði fram skóladagatal fyrir skóladagatalið 2006-2007 ásamt greinargerð á síðasta fundi. Kristján leggur fram jákvæða umsögn foreldraráðs. Skólanefnd samþykkir framlagt skóladagatal.

2. Starfsmannamál.

Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir hefur sótt um stöðu aðstoðarskólastjóra. Áður auglýst staða tónmenntakennara verður eins skipuð og á núverandi skólaári. Enn vantar enskukennara og aftur verður auglýst um helgina. Skólanefnd mælir með ráðningu Kolbrúnar.

3. Önnur mál.

- a) Bréf menntamálaráðuneytis dags. 5. maí 2006 varðandi innritun í framhaldsskóla 2006.. Lagt fram til kynningar.

- b) Kolbrún greinir frá helstu þáttum skólastarfsins svo sem samræmdum prófum sem nú er lokið. Næsta vika er heilsuvika innan skólans í tengslum við verkefni Lýðheilsustöðvar *Allt hefur áhrif – einkum við sjálf*. Þá verða fyrirlestrar frá verkefninu *Blátt áfram* þriðjudaginn 16. maí. Í þar næstu viku verður vorskóli leikskólabarna í grunnskólanum.
- c) Vegna bókunar á fundi 131 upplýsir Kristján að hann hafi ekki fengið fundarboð. Sveitarstjóri biðst velvirðingar á mistökum sem hafa virðast hafa orðið við boðun fulltrúa foreldra.

Þorgerður þakkar Kolbrúnu og Kristjáni samstarfið á kjörtímabilinu.
Kolbrún og Kristján þakka skólanefnd samstarfið og yfirgefa fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 19:15.

_____ Sigrún Guðmundsdóttir	_____ Þorgerður Einarsdóttir Formaður	_____ Bergþóra Ástþórsdóttir
_____ Ragnheiður Högnadóttir	_____	_____ Andrína Erlingsdóttir